

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2017

haldinn á Fosshóтели Húsavík, fimmtudaginn 28. júní 2018 kl. 11:00.

Mættir voru fulltrúar frá 9 hluthöfum af 19, með 88,9% hluta á bak við sig. Þeir hluthafar sem áttu fulltrúa á fundinum voru Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð/(Fræ ehf.), Skútustaðahreppur, Svalbarðs-hreppur, Framsýn – stéttarfélag, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar. Auk þeirra sátu fundinn starfsfólk AÐ og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga um að Drífa Valdimarsdóttir yrði fundarstjóri og Ari Páll Pálsson fundarritari var samþykkt samhljóða og fól formaður þá Drífu stjórn fundarins.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun, og þar eð mætt var fyrir tæplega 89% hlutafjár, vel umfram 50% lágmarksmætingu, lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að taka þær ákvarðanir sem fyrir honum liggja.

Fundarstjóri lagði til að umræður um fyrstu tvo dagskrárliði yrðu teknar saman að báðum loknum og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður félagsins, Sif Jóhannesdóttir flutti skýrslu stjórnar og hóf mál sitt á því að þetta væri síðasti aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í því formi sem félagið hefði verið rekið síðan 1991. Það væri þó ekki svo að starfsemin legðist af heldur fælist breytingin í því félagið yrði sjálfseignarstofnun og til þess gerð að festa starfsemina í sessi og tengja hana betur við Héraðsnefnd Þingeyinga sem er okkar sameiginlegi pólitíski vettvangur.

Sif greindi því næst frá helstu þáttum í starfsemi félagsins á liðnu ári. Vék hún þar sérstaklega að nokkrum verkefnum utan hefðbundinnar starfsemi sem félagið tók þátt í og stóð að. Nefndi hún fyrst aukið samstarf AÐ og AFE, sameiginleg verkefni þeirra og það stóra hlutverk sem atvinnuþróunarfélögunum er ætlað í Sóknaráætlun.

Þá vék hún að greiningarvinnu og tillögugerð til stjórnvalda vegna erfiðrar stöðu byggðar á Bakkafirði og Langanesströnd og einnig að virkri þátttöku AÐ í samstarfsverkefnum á sviði ferðaþjónustu á svæðinu. Enn fremur vék hún að verkefni sem laut að átaki í gæðamálum og samstarfi innan atvinnulífsins.

Hvað starfsemi félagsins varðar hvatti hún fundarmenn til að lesa ársskýrslu félagsins til að glöggva sig enn frekar á þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram, en lokaorð formanns voru eftirfarandi:

„Það er von mín að þessi breyting verði til að efla starf AÐ og að starf félagsins þróist í takti við þarfir á starfssvæðinu hverju sinni. Í þeirri þróun er mikilvægt að sveitarfélögin séu virk, komi sínum óskum og þörfum hverju sinni á framfæri. Að sama skapi er afar mikilvægt að áfram verði trygg aðkoma atvinnurekenda á svæðinu og stéttarfélaganna. Á síðustu árum hefur samstarf AÐ við aðrar stofnanir orðið til þess að efla starf félagsins og gera það virkara og sýnilegra bæði á starfssvæðinu og utan þess. Áfram þarf að feta þá slóð og leita allra leiða til að virkja félagið þannig að það sé í stakk búið að stuðla að þróun og bregðast við þar sem þörf er á.“

Ég vil að lokum þakka fráfarandi stjórn fyrir afar gott samstarf. Einnig þakka ég öllu starfsfólki félagsins fyrir þeirra góðu störf og þann eldmód sem augljós er. Sérstaklega vil ég þakka Reinhard einstaklega gott og ánægjulegt samstarf síðustu 4 árin“.

2. Reikningar félagsins fyrir árið 2017

Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir 2017 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður án athugasemda af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra og löggiltum endurskoðanda þess, PricewaterhouseCoopers hf. – Rúnari Bjarnasyni.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins gerði grein helstu niðurstöðum ársreiknings sem voru eftirfarandi:

Rekstrartekjur	50.495.200
Rekstrargjöld	(47.029.693)
Fjármagnsliðir	856.506
Hagnaður ársins	3.454.250
Fastafjármunir	2.202.766
Veltufjármunir	39.757.109
Eigið fé	8.341.178
Skuldir og skuldbindingar	33.618.697
Niðurstaða efnahagsreiknings	41.959.875

Framkvæmdastjóri fór jafnframt yfir skýringar eftir því sem þurfa þótti og sundurliðun einstakra liða. Þar vék hann m.a. að eignum Kísilgúrsjóðs fyrirverandi sem tilgreindar eru sérstaklega þar sem þeim fylgdu sérstök ákvæði um ráðstöfun. Einnig vék hann að upphæð ógreiddra lífeyrissjóðskrafna, sem til koma vegna framlags til Brúar lífeyrissjóðs í tengslum við samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála hjá opinberum starfsmönnum.

Rekstrar- og efnahagsreikning félagsins má sjá í ársskýrslu 2017 á heimasíðu félagsins www.atthing.is.

Fundarstjóri þakkaði Reinhard fyrir og opnaði fyrir umræður og spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Fyrst kom fram ósk eftir frekari upplýsingum um ný andlit hjá félaginu og einnig um verkefnið sem lýtur að gæðamálum fyrirtækja.

Framkvæmdastjóri kynnti þær Bryndísi Sigurðardóttur og Nönnu Steinu Höskuldsdóttur sem hófu störf hjá félaginu fyrr á þessu ári og greindi nánar frá umræddu verkefni.

Talsverðar umræður urðu framgang verkefnisins og mikilvægi þess að því verði haldið áfram og að fyrirtæki nýti sér þá ráðgjöf sem þar býðst.

Einnig spannst nokkur umræða um kynjahlutfall hjá félaginu í kjölfar þess að ánægja er með að vægi kvenna meðal starfsmanna hefur aukist, en bent á að betur mætti gera í stjórn félagsins og almennt þyrfti að vera vakandi fyrir því að jafna kynjahlutfall á svæðinu.

Þá kom fram fyrirspurn um sameiginlega atvinnustefnu sveitarfélaga á svæðinu sem vikið er að í ársskýrslu. Framkvæmdastjóri kvaðst hafa hreyft við þessu á vettvangi Héraðsnefndar, en það væri háð vilja sveitarfélaganna komið hvort og hvað úr yrði. Fulltrúar sveitarfélaga sem tjáðu sig um málið voru jákvæðir fyrir efldu samstarfi.

Ársreikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Tillaga um formbreytingu á starfsemi félagsins og slit þess í framhaldinu

Stjórnarformaður kynnti fyrir fundinum eftirfarandi tillögu stjórnar um formbreytingu á starfsemi félagsins og slit þess í framhaldinu:

Stjórn félagsins leggur til að rekstrarformi félagsins verði breytt úr hlutafélagi í sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri.

Sjálfseignarstofnunin taki við öllum eignum og skuldbindingum hlutafélagsins eins og þær stóðu 31. desember 2017.

Um önnur atriði er vísað til draga að samþykktum fyrir sjálfseignarstofnunina sem fylgir tillögu þessari og telst hluti hennar.

Í framhaldi af nauðsynlegum aðgerðum vegna yfirfærslu eigna og skuldbindinga félagsins til hinnar nýju sjálfseignarstofnunar verði hlutafélaginu slitið.

Stjórnarformaður gerði stuttlega grein fyrir undangenginni umræðu en bað framkvæmdastjóra félagsins að fara betur yfir samþykktir nýs félags.

Framkvæmdastjóri varð við þeirri ósk og fór stuttlega yfir breytingar sem lúta að eigendum /stofnendum atvinnuþróunarfélagsins og yfirstjórn þess, en áréttaði að ítarlega yrði farið í samþykktir nýrrar sjálfseignarstofnunar á stofnfundi hennar eftir hádegið.

Fram kom athugasemd um að reynt yrði að formgera reglur um fulltrúa í stjórn félagsins þannig að þær lægju skýrt fyrir. Undir það var tekið, en því verkefni vísað til komandi stofnfundar.

Ekki urðu frekari umræður og bar fundarstjóri tillögu um formbreytingu félagsins upp til afgreiðslu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Reinhard Reynisson kvaddi sér hljóðs og lagði til að Hvatningarverðlaun AÐ, sem veitt hafa verið árlega síðan 2002, yrðu áfram hluti ársfundi atvinnuþróunarfélagsins eftir formbreytingu. Því næst kynnti hann verðandi handhafa viðurkenningarinnar.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að veita Sigurði S. Þórarinssyni og Hafdísí Jósteynsdóttur, sem kennd eru við Fatahreinsun Húsavíkur, hvatningarverðlaun ársins fyrir uppbyggingu á farsælum fjölskyldurekstri sem nú færast á herðar afkomenda.

Þau Sigurður og Hafdís voru bæði í launavinnu framan af starfsæfinni en gerðust svo sjálfstæðir atvinnurekendur á miðjum starfsaldri. Árið 1989 og keyptu þau Fatahreinsun Húsavíkur og réðust í endurbætur og stækkun á húsnaðinu. Ári síðar opnaði áfengisútsala í húsakynnum fatahreinsunarinnar og sinntu þau rekstri hennar til ársins 2007, þegar Vínubúðin var flutt. Þau héldu hins vegar áfram að efla rekstur fatahreinsunarinnar og enn er verið að stækka. Nú er fyrirtækið að færast til þriðju kynslóðar og e.t.v. er fátt ánægjulegra en að skila góðum rekstri til afkomenda sinna, sagði Reinhard Reynisson við þetta tækifæri.

Hjónin þökuðu fyrir viðurkenninguna og Sigurður rifjaði upp að á fyrstu árunum leitaði hann til atvinnuþróunarfélagsins, sem þá var undir stjórn Tryggva Finnssonar. Sigurður sagði jafnframt að velgengi í rekstri byggist á því að þau hafi verið einstaklega heppin með starfsfólki. Þá hafi fjölskyldan staðið saman að þessu, börn og barnabörn, og samfélagið einnig verið þeim hliðholt. Hann sagðist að endingu vona að svo yrði áfram.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóri óskaði eftir umboði fundarins til að ritari kláraði fundargerð og sendi síðar í tölvupósti. Á það féllust fundarmenn og að því búnu þakkaði fundarstjóri fyrir og sleit fundi kl.12:15.

Fundarstjóri

Drífa Valdimarsdóttir

Fundarritari

Ari Páll Pálsson